



**148.** fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ fimmtudaginn 19. júní 2008 kl. 16:15 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Helga H. Magnúsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Örn Andrésson, Friðrik Einarsson, Jón Gestur Viggósson 1. varamaður, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Krístrún Heimisdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Oddný Árnadóttir 2. varamaður.

**Þetta gerðist:**

**Forseti setti fund og stjórnaði honum.**

### **1. Ólympíuleikarnir í Peking – staða undirbúnings**

Örn Andrésson sviðsstjóri Afrekssviðs fór yfir stöðu mála í undirbúningi fyrir Ólympíuleikana í Peking. 24 íþróttamenn eru búnir að ná lágmörkum en vonir standa til að enn eigi eftir að fjölga í Ólympíuhópnum.

Að mörgu er að hyggja í skipulagningu, undirbúningi og samræmingu varðandi fatnað, gistingu, gesti og annað tengt leikunum.

Forseti greindi frá því að Krístrún Heimisdóttir ætlaði ekki að þiggja boð ÍSÍ um að fara á Ólympíuleikana í Peking. Hann bar upp tillögu um að Hafsteinn Pálsson stjórnarmaður fengi að fara í stað Krístrúnar. Samþykkt.

### **2. Fyrirmyndarfélög ÍSÍ**

Tillögur Fræðslusviðs um Fyrirmyndarviðurkenningar til körfuknattleiksdeildar Hauka og sunddeildar Fjölnis staðfestar.

### **3. Starfsskýrslur**

Skrifstofustjóri upplýsti að 35 félög væru á keppnisbannslista, flest í Reykjavík. Vel gekk að innheimta eftir að hótun um keppnisbann fór í loftið og yfir heildina hafa starfsskýrsluskil gengið vel.

### **4. Kvennahlaupið**

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir lagði fram skýrslu um Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ sem haldið var 7. júní sl. Þátttökaukning varð víða um land og sala bolanna gekk afar vel. Á hlaupsdag var undirritaður 3ja ára samningur við Sjóvá sem aðalstyrktaraðila hlaupsins en Sjóvá hefur verið aðalstyrktaraðili hlaupsins frá upphafi. Ingibjörg Bergrós minnti á að á næsta ári ætti Kvennahlaupið 20 ára afmæli.

Framkvæmdastjórn lýsti yfir ánægju sinni með framkvæmd hlaupsins og framlag starfsfólks og Kvennahlaupsnefndar.

### **5. Ráðstefna um barna- og unglingsíþróttir**

Sigríður Jónsdóttir formaður Fræðslusviðs ÍSÍ sagði frá norrænni ráðstefnu sem ÍSÍ var gestgjafi fyrir og haldin var á Laugarvatni 5.-7. júní sl. Um 130 manns frá

öllum Norðurlöndunum og Álandseyjum tóku þátt. Sigríður benti á heimasíðu ráðstefnunnar en þar má finna upplýsingar um ráðstefnuna, gögn frá fyrirlesurum og niðurstöður úr hópavinnu.

## **6. Íþróttamiðstöðin í Laugardal**

Framkvæmdastjóri skýrði frá framkvæmdum sem yfir standa á lóð Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal. Verið er að grisja trjágróður og hreinsa svæði í kringum miðstöðina.

## **7. Norræni menningamálasjóðurinn**

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að hefðbundinn styrkur frá Norræna Menningamálasjóðnum hefði borist en hann rennur til norrænna verkefna á vegum sérsambanda ÍSÍ, skv. ákveðinni skilgreiningu. Ekki liggur ljóst fyrir um áframhaldandi fjárstuðning Norræna menningamálasjóðsins til Vest-Norden sambandanna en þrýst er á skýr svör um fjárstyrk til þessara verkefna.

## **8. Kynnisferð forystumanna**

Áhugi er fyrir hendi að skipuleggja kynnisferð forystumanna í íþróttahreyfingunni til Bandaríkjanna í mars 2009. Framkvæmdastjóra falið að kanna kostnaðarhlið slíkrar ferðar og mögulega dagskrá.

## **9. Stofnun heildarsamtaka um almannaheill**

Forseti skýrði frá áhuga frjálsra félagasamtaka um almannaheill að fá ÍSÍ sem stofnaðila. Samþykkt að ÍSÍ verði ekki stofnaðili að slíkum samtökum.

## **10. Heiðursveitingar**

Skylmingasamband ÍSÍ stóð fyrir Norðurlandameistaramóti í skylmingum 12.-15. júní sl. Í tilefni þess kom forseti Alþjóða Skylmingasambandsins, René Roch, til landsins en hann hefur stutt ötullega við skylmingar á Íslandi frá upphafi. Stjórn ÍSÍ samþykkti að heiðra René Roch með Gullmerki ÍSÍ og afhenti Helga H. Magnúsdóttir úr stjórn ÍSÍ honum viðurkenninguna við setningarathöfn NM. Þess má geta að til mótsins kom einnig forseti Evrópska Skylmingasambandsins en sjaldgæft er að svo háttsettir aðilar komi hingað til lands í tengslum við íþróttaviðburði.

## **11. Fundargerðir**

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar.

- a. 147. fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ
- b. 9. fundar framkvæmdaráðs ÍSÍ 29.5.2008
- c. 10. fundar framkvæmdaráðs ÍSÍ 19.6.2008
- d. Lyfjaeftirlitsnefndar frá 10.6.2008
- e. Minnispunktar frá GSSE fundum 13. 6.2008
- f. Minnispunktar frá norrænum fundi íþróttasambanda 6.-8. 6.2008

## **12. Næsti fundur framkvæmdastjórnar**

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn fimmtudaginn 24. júlí nk.

### 13. Önnur mál

#### ➤ **Nýjar íþróttagreinar**

Tvö erindi hafa borist um viðurkenningu á nýjum íþróttagreinum. Annars vegar fyrirspurn um hafnabolta og "mjúkbolta" og hinsvegar um sæpotuíþrótt. Skrifstofu falið að afla upplýsinga um viðkomandi íþróttagreinar fyrir næsta stjórnarfund.

#### ➤ **Bréf Jóhanns Reynissonar**

Samþykkt að vísa í fyrri svör framkvæmdastjórnar við sama erindi.

#### ➤ **Bréf Félags undirbúningsdeildar um stofnun kraftlyftingadeildar.**

Tekið fyrir erindi ofangreinds félags vegna kraftlyftinga. Stjórnin telur ekki tímabært að verða við erindi félagsins þar sem fundur við Kraftlyftingasamband Íslands um stöðu kraftlyftinga hefur ekki farið fram.

#### ➤ **Ungmennaráð ENGSO**

Ungmennaráð ENGSO hefur óskað eftir því að fá að halda stjórnarfund á Íslandi í september í samstarfi við ÍSÍ og halda í kjölfarið fund með ungum leiðtogum á Íslandi.

Samþykkt. Skrifstofu falið að vinna áfram í málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.

Halla Kjartansdóttir fundarritari